

Ólafía - ævisaga Ólafíu Jóhannsdóttur (2006)

Bókarhöfundur: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir

Bókarheiti: Ólafía – ævisaga Ólafíu Jóhannsdóttur

Gagnrýnandi: Auður Styrkársdóttir

Útgáfa: JPV útgáfa, Reykjavík 2006, 539 bls.

SKYLDULESNING FYRIR STJÓRN MÁLAFRÆÐINGA

Fimm ár eru liðin frá því bók Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur um Björgu C. Þorláksson kom út og sópaði til sín bæði lesendum og verðlaunum. Margir hafa beðið næstu bókar með eftirvæntingu, en ljóst var að hún myndi borin saman við Björgu og kannski dæmd af því fyrst og fremst – með réttu eða röngu. Og nú er bókin semsé komin. Hún er hálf títta hundrað blaðsíður og fylgir settum reglum um fræðilegan frágang sem truflar þó ekkert textann. Pappírinn í bókinni er mjög lesvænn og metnaður af hálfu útgáfunnar augljóslega mikill. Ljósmyndir eru fjölmargar og setja skemmtilegan svip á bókina. Kápu mynd er einföld og grípandi og ljósmyndin sem prýðir hana er vel valin. Um varir konunnar leikur hálfgerð Mónu Lísu bros – eins og hún viti eitthvað merkilegt og sé rétt í þann mund að opinbera þá vitneskju. Bókin Ólafía býður upp á nánari kynni af margbrotinni persónu, sem einnig var afar brothætt og farnaðist misvel í lífsins ólgusjó.

Ólafía Jóhannsdóttir (1863-1924) er enn þjóðkunn í Noregi fyrir störf sín þar. Brjóstmynd hennar var afhjúpuð á Vaterlandbrúnni í Osló árið 1930 og árið 1990 ákvað borgarstjórn Oslóar að nefna götu eftir Ólafíu og liggur hún meðfram Akersánni austanverðri og heitir „Ólafíagangen“. Hér á landi er Ólafía minna þekkt. Brjóstmynd hennar stendur í Aðalbyggingu Háskóla Íslands, eins og vera ber, enda var hún meðal helstu tals- og hvatamanna að því að háskóli tæki hér til starfa. Sennilega láta fæstir stúdentar sig nokkru varða um sögu hennar, og mig grunar hálfpartinn að sama gildi um flesta kennara skólans. Almenn vanþekking á lífi og starfi Ólafíu ríkir meðal þjóðarinnar. Það er því mikill fengur að þessari bók, hún á svo sannarlega skilið annað en gleymiskuna.

Lífshlaup Ólafíu er vandlega rakið í bók Sigríðar Dúnu. Stuðst er við heimildir sem sumar hafa ekki birst áður og ljóst er að höfundur leitar eins víða fanga og unnt er hér innanlands. Lítið hefur varðveist af bréfum Ólafíu og svo virðist sem margir viðtakendur hafi eytt þeim eftir dauða hennar, annaðhvort til að vernda minningu hennar eða af því að fólki fannst þau ekki merkileg. Mér finnst fyrri skýringin líklegri. Ólafía var það fyrirferðarmikil á sinni tíð að fólk hlýtur að hafa áttað sig á mikilvægi bréfa hennar. Hún gekk hins vegar ekki heil til skógar um langt árabíl og kannski hafa komið fram í bréfum hennar lýsingar á heilsufari eða aðstæðum sem vinum og vandamönnum fannst erfitt að lesa og ónauðsynlegt að geyma til framtíðar. Þetta er auðvitað skaði, en við því er ekkert að gera. Heimildir eru svo sem nógar til að draga upp heillega mynd af ævi og starfi Ólafíu, þótt óneitanlega hefði verið forvitnilegt að komast nær persónunni gegnum fleiri bréf. Þau Einar Benediktsson hafa til dæmis áreiðanlega skrifast mikið á og væru þau bréf til myndu þau skera úr um tilfinningar þeirra í garð hvors annars. Í staðinn verður samband þessara frændsystkina að eilífu sveipað dulúð og vangaveltum, og Sigríður Dúna gerir kannski fullmikið úr því efni – en það er óneitanlega freisting sem erfitt er að standast.

Ólafía fór ekki troðnar slóðir í lífinu, og víst er að um hana stóð ávallt nokkur styr. Hún var ekki allra, eins og sagt er. Svo virðist sem annaðhvort hafi fólk haft á henni hinar mestu mætur og talið hana með andans ofurmennum, eða það hafi tæplega þolað hana. Þau hjónin Valdimar Ásmundsson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir tilheyrðu síðarnefnda hópnum, einkum þó Valdimar sem gerðist ansi orðljótur í hennar garð í blaði sínu. Ólafíu var einnig í nöb við Bríeti að því er virðist. Þær Ólafía og fóstura hennar Þorbjörg Sveinsdóttir stofnuðu Hið íslenska kvenfélag árið 1894, fyrsta kvenréttindafélagið á Íslandi. Þær héldu um alla þræði framanaf og Bríet náði engum frama. Snemma kom í ljós að skaplyndi Ólafíu var erfitt og birtist m.a. í því að hún hætti við nám í Kvennaskólanum og síðar í menntaskólanum af litlu tilefni að því er virðist og ákvörðunum hennar í þeim efnum varð ekki haggð. Þá átti hún það til að láta einstök atvik hafa óvenjumiklar afleiðingar. Það á t.d. við um orsök þess að hún hætti alveg að sækja dansleiki og lesa skáldsögur sem ung stúlka.

Ólafía virtist nánast sækjast eftir að ögra umhverfinu, svo sem með því að ganga í góðtemplararegluna, en í byrjun þótti það viðsjárverður félagsskapur sökum þeirrar leyndar er hvíldi yfir fundunum – og allavega ekkert fyrir ungar og siðprúðar heldri stúlkur bæjarins. Hún vílaði ekki fyrir sér að taka undir hönd aumustu starfsstéttar bæjarins, vatnsberanna, og léttu þeim burðinn. Aðgerðir hennar og annarra stúkufélaga við Hótel Ísland vöktu mikið umtal og skens, því þetta var auðvitað ekki

viðtekin hegðun kvenna. Kannski voru hér á ferð fylgifiskar veikindanna sem hún stríddi lengi við. Sigríður Dúna leiðir að því getur að geðhvarfasýki hafi hrjád Ólafíu og víst er að langt þunglyndistímabil breytti lífi hennar um fertugt og hún varð ekki söm manneskja á eftir. Trúin og þráin eftir að feta í fótspor Jesú urðu hennar leiðarljós upp frá því. Eftir það mátti sjá hana meðal ógæfufólks í einu aumasta hverfi Oslóar, Vaterland, þar sem hún leitaði uppi stúlkur til að hlúa að og reyna með kærleika að snúa frá villu síns vegar og treysta á Jesú. Fyrir þetta var hún elskuð og dáð í Osló. Hún varð þekkt um öll Norðurlönd þegar bók hennar *De ulykkeligste* kom út árið 1926 en hún geymir frásagnir af lífi vændiskvenna og ógæfukvenna í Osló og lýsir eynd þeirra. Líf Ólafíu var mjög dramatískt. Það er erfitt að skrifa um svo flókna persónu sem sífellt tekur tilhlaup og hliðarstökk og botnar kannski síst allra í sjálfri sér. Sigríði Dúnu tekst einkar vel að koma þessu öllu á framfæri á nærgætinn hátt án þess þó að draga nokkuð undan.

Nokkrar athugasemdir vil ég gera við bókina. Í fyrsta lagi sú staðhæfing höfundar að ein baráttuaðferð Bríetar Bjarnhéðinsdóttur alla tíð hafi verið sú að fá karla til að bera fram þau mál sem hún vildi ná fram (bls. 168). Vissulega hafði Bríet áhrif á frumvörp Hannesar Hafstein um að stúlkum væri heimilt að sitja alla bekkir menntaskólans og að háskólinn var opin þáðum kynjum frá upphafi. Hvorki Bríet né aðrar konur höfðu aðra möguleika á að ná fram málum en að tala við karlmennina sem sátu að öllum valdastóðum og fá þá til að bera fram mál, svo einfalt var það. Kannski er það oftúlkun hjá mér að finnst tónninn hér heldur neikvæður í garð Bríetar. Í öðru lagi gætir þess á nokkrum stöðum að höfundur les í þagnir endurminninga Ólafíu og dregur ályktanir sem varasamt er að draga í ljósi þess að yfirlýst markmið Ólafíu var að skrifa trúarlega ævisögu sína, og því er margt sem hún þegir um sem skiptir ekki máli í því sambandi. Sigríður Dúna bendir reyndar á þetta sjálf, en freistingin til að lesa í þagnirnar er á sumum stöðum of sterk. Í þriðja lagi gætir þess misskilnings um málverk Christians Krogh, „Albertine i politilegens venteværelse“, að það sýni margar velbúnar heldri konur á biðstofu lögreglulæknisins sem horfa með fyrirlitningu á Albertínu (bls. 334). Þessar konur eru hins vegar allar vændiskonur, eins og sést á búningi þeirra og fasi. Hrædd er ég um að fyrr hefðu heldri konur dáðið en láta sjá sig á biðstofu lögreglulæknis! Þangað voru bara færðar vændiskonur eða konur grunaðar um vændi. (Auðvelt er að afla upplýsinga um málverkið á Netinu.) „Eftirmálinn“ féll í heldur grýttan jarðveg hjá mér, einkum hugleiðingar um móðurmissi Ólafíu og áhrif hans á hana, og sömuleiðis tilraun til að bera þær saman, móður Theresu, Díönu prinsessu og Ólafíu. Ég hef einfaldlega ekki smekk fyrir hugleiðingum af þessu tagi, en ég veit að margir hafa það.

Þessar athugasemdir breyta því ekki að Ólafía er bók sem mikill fengur er að. Hún uppfyllir allar þær væntingar sem fólk kann að hafa til Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur sem ævisagnahöfundar. Hún er mjög lipurlega skrifuð og sjónarhorn mannfræðingsins nýtur sín vel. Fyrir stjórn málafræðinga er hún skyldulesning því þar er svo margt að finna sem tengist stjórn málum og stjórn málafræðinga á ofanverðri 19. öld – og þetta er einstaklega ljúf skyldulesning. Hér birtist vaknandi þjóðlíf Íslendinga á ljóslifandi – góðtemplarareglan, hið mikilvæga starf kvenna í bænum og á alþjóðavísu, stjórn málin, tengslin við Vestur-Íslendinga, leiklistarlífið og líf almennings í þessu landi við nyrsta haf. Við sjáum Íslendinga keppast við að koma á fót menningar- og félagslífi og taka þátt í stjórn málum á grasrótargrunni. Lýðræðið var í raun miklu nær fólki þá en nú og þáttaka í stjórn málum merkilega mikil, bæði meðal kvenna og karla, þótt þáttaka í kosningum og þingmálavafstri væri það ekki. Persóna Ólafíu var stórbrotin, og það er auðvitað efniviður í sjálfum sér. Ólafía hefði sannarlega átt skilið tilnefningu til bókmenntaverðlaunanna – en samkeppnin var óvenjuhörð að þessu sinni. Það dregur ekki úr gæðum eða gildi þessarar bókar sem ætti ekki að fara framhjá neinum landsmanni.